



## VIÐAUKI II

### VIÐ HÚSALEIGUSAMNING

Undirritaðir aðilar, Sjálfseignarstofnunin Tryggvaskáli, kt. 480798-2019, í samningi þessum nefnt Skálafélagið og Sveitarfélagið Árborg kt., 650598-2029, Austurvegi 2, Selfossi, í samningi þessum nefnt Árborg, gera með sér svofelldan viðauka við húsaleigusamning aðila frá 20. júní 2013.

#### 1. gr.

Leigutími samnings, dags. 20. júní 2013, framlengist um þrjú ár og verður 13 ár í stað 10 ára miðað við afhendingu á hinu leigða dags. 1. júní 2013. Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu hvors aðila um sig með tveggja ára fyrirvara miðað við mánaðamót.

#### 2. gr.

Árborg sér um umhirðu lóðarinnar en rekstraraðili sér um dagleg þrif í næsta nágrenni hússins. Lögð er áhersla á umhirða sé til fyrirmyndar. Árborg skipuleggur og kostar framkvæmdir við þann hluta lóðarinnar sem er í eigu þess.

#### 3. gr.

Settur verður á fót fimm manna starfshópur sem hefur það verkefni að móta hugmyndir um framtíðarhlutverk Tryggvakála. Í hópnum skulu sitja tveir fulltrúar frá Skálafélaginu, og einn frá hverjum eftirtalinna aðila: Árborg, Byggðasafni Árnassýslu og Héraðskjalasafni Árnassýslu og bera ofangreindir aðilar kostnað af sínum fulltrúum. Starfshópurinn skal skila álitum eigi síðar en 31. desember 2023

#### 4. gr.

Tengiliðir Árborgar við Skálafélagið vegna samnings dags. 20. júní 2013 og viðauka þessa eru eftirfarandi:

*Vegna umhirðu lóðar:* Garðyrkjustjóri Sveitarfélagsins Árborgar

*Vegna samningsbundins viðhalds á fasteign:* Deildarstjóri eignadeildar Sveitarfélagsins Árborgar.

*Vegna menningartengdra málefna:* Deildarstjóri frístunda- og menningardeildar Sveitarfélagsins Árborgar.



Öllu framangreindu til staðfestu undirrita Árborg og Skálafélagið samkomulag þetta í viðurvist tveggja vitundarvotta, er votta undirskrift, dagsetningu og fjárræði aðila.

Selfossi, 17. mars 2021

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar

F.h. Sjálfseignarstofnunarinnar Tryggvaskála

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu og fjárræði aðila: